Unit-hús Eon arkitekta

Texti og teikningar: Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson. Myndir: Páll Jökull Pétursson

Á 20. öldina upplifðu Íslendingar ótrúlegar breytingar og framfarir í þjóðfélaginu. Á ofanverðri öldinni var ekki óalgengt að fólk byggi í svonefndum moldarkofum. Sérískenskur arkitektúr byggður af þeim efnum sem jörðin lagði til. Á hálfri öld reif þjóðin sig upp úr naumhyggju í að verða alþjóðasamfélag, sem er á mörgum sviðum framarlega á meðal stórþjóða. Við upphaf 21. aldarinnar, eða síðastliðin 10 ár, fór þjóðin á fleygiferð og of mikill hraði hefur einkennt uppbyggingu síðustu ára sem aldrei fyrr.

Hraðinn í uppbyggingunni hefur víða skilað sér, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Heilu frístundahúsahverfin hafa sprottið upp á landsbyggðinni, og er það vægt til orða tekið. Að margra mati hefur framkvæmdahraði verið of mikill og oft hafa framlegðarsjónarmið ráðið fremur en gæði, fagurfræðileg og umhverfisvæn sjónarmið. Á uppgangstímanum breyttist viðhorfið til frístundahúsa, umtalsverð breyting varð á stærð þeirra og útliti og víða gefa þau nú borgarhúsunum ekkert eftir hvað varðar stærð og þægindi.

Ýmsir möguleikar eru á samsetningu eininga. Samsetning fer eftir aðstæðum, útsýni og persónulegum kröfum eigenda.

BREYTT ÞJÓÐFÉLAG

Í kjölfar mesta góðæris Íslandssögunnar upplifir þjóðin enn og aftur kúvendingu.

Á einni viku breyttist efnahagskerfi þjóðarinnar á dramatískan hátt og afleiðingar þeirra atburða hafa sannarlega haft áhrif á lífsgæði og lífsviðhorf flestra landsmanna. Íslenska þjóðin hefur nú á nokkrum mánuðum þurft að laga sig að algjörlega breyttu þjóðfélagi. Uppbyggingin á Íslandi við upphaf 21. aldarinnar, sem áður einkenndist af flottheitum og ríkidæmi, er nú kennd við árið 2007.

NAUÐSYNLEGT AÐ SLAKA Á KRÖFUM UM BYGGINGARTÍMA

Eitt hefur þó ekki breyst - enn er landið okkar hlaðið fegurð sem allir Íslendingar geta notið hvernig sem viðrar í efnahagsheiminum. Margir eiga lóðir úti á landi og vilja gjarnan geta nýtt þær sem athvarf í framtíðinni. Enn aðra dreymir um að koma sér upp slíkri aðstöðu. Það er þó erfiðara nú en áður því forsendur hafa breyst, kjör eru önnur og aðgangur að lánsfjármagni í slíkar framkvæmdir er takmarkaður. Hugarfarsbreytingu þarf í skipulagningu og uppbyggingu landsins, meðal annars við byggingu frístundahúsa - ekki bara





Einingarnar í Unit-húsunum er hægt að byggja í áföngum - hverja einingu fyrir sig og bæta og tengja þær saman í lokin með léttri tengibyggingu þegar hagur vænkast. Á teikningunni sést innra skipulag stofueiningar og herbergjaeiningar.

ÁHERSLA Á AÐ TENGJA BYGGINGUNA VIÐ NÁTTÚRUNA

Í hönnun Eon arkitekta er lögð áhersla á tengingu frístundahúsa við náttúruna og gjarnan notuð náttúruleg efni, t.d. steinn á veggi, í kringum eldstæði og á fleiri viðeigandi staði. Steinhleðsla getur verið kostnaðarsöm og fyrir Unit-húsin var fundin ódýrari lausn, en í þeim eru notuð forsteypt steinlíki úr leir þar sem eldstæðin eru. Steineiningarnar eru til í mörgum útfærslum, þær eru veðurþolnar, einfaldlega hengdar upp, eru ákaflega fallegar og oft ekki síðri en dýrari lausnir.

FIRRA AÐ STOFA ÞURFI AÐ SNÚA Í SUÐUR

Staðsetning frístundahúsa, sem oft eru byggð á gífurlega fallegum stöðum víða um land, er ein af mikilvægustu ákvörðunum sem teknar eru í öllu ferlinu. Í grunnhugmyndum um húsin er lögð áhersla á að þau taki fullt tillit til náttúrunnar og helst að gróður nái inn á pallana þannig að hann verði hluti af heildarmynd hússins. Slíkar ákvarðanir þurfa ekki að hafa áhrif á

Upphaflega hugsunin á bak við Unit-húsin var í líkingu við hugmyndir húsgagnaframleiðslu Ikea - hagræðing, lágmarkskostnaður og í sinni einföldustu mynd - „settu það saman sjálfur"-hugsunin.

framkvæmdakostnað, en gera húsin að miklu betri híbýlum. Snúningur hússins skiptir máli, það er alger firra að snúa stofu á móti sól og alltof oft er útsýnið ekki nýtt þegar staðsetning glugga er ákveðin. Í Landsveit var það t.d. áberandi að afstaða húsa var ekki í takt við umhverfisþætti, t.d. vindátt og útsýni til Heklu. Þegar leitað var eftir ástæðunni kom í ljós að fyrsta húsið hafði verið byggt án þess að tillit til þessara þátta væri tekið og eftir það gerðu hinir eins. Ef gluggi snýr í norður þá fellur birtan á útsýnið en í suður bregður birtunni beint í augun. Þegar falleg staðsetning er valin og útsýni verður eins og málverk inni í húsi, fara þættir eins og byggingartími að



Teikning af Unit-húsi. Þegar seinni einingin er reist eru innveggir aðlagaðir og hurðir færðar til.

verða afstæðir. Byggingar eru jú byggðar til að standa jafnvel í hundruð ára og því eru mánuðir eða ár til eða frá á byggingartíma, afstæðir.

GÓÐ HÖNNUN ER SPURNING UM NEISTA, HUGKVÆMNI OG TILFINNINGU

Upphaflega hugsunin á bak við Unit-húsin var í líkingu við hugmyndir húsgagnaframleiðslu Ikea - hagræðing, lágmarkskostnaður og í sinni einföldustu mynd - „settu það saman sjálfur"-hugsunin. Í þróunarvinnunni útbjuggu Eon arkitektar bækling með Unit-húsunum, sem sýnir þau í frumeindum sínum og síðan hvernig þau púslast saman. Bæklingurinn er síðan „biblía" sem hægt er að byggja á hönnun að nokkrum gerðum húsa svo ekki þurfi að byrja á byrjunarreit þegar nýtt hús er hannað. Mörg hús hafa verið byggð út frá þessum hugmyndum síðan 2002. Fyrstu húsin voru í anda upphaflegu forsendanna, en á eftir komu flóknari útfærslur af stærri húsum. Einfalt hús getur verið jafnfrábær arkitektúr og flókið hús - í öllum tilfellum er þetta spurning um hugsun, neista og tilfinningu. Þetta sést vel þegar litið er yfir þau frístundahús í sveitum landsins sem góðærið skilur eftir sig. Sum eru misheppnuð, hreinlega ljót, önnur stórkostleg, og útkoman er oft algjörlega óháð því sem til hefur verið eytt.

UPPBYGGING Í NÁNUSTU FRAMTÍÐ

Aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig núna að það eru auðar eignarlóðir um allt land. Draumur um hús á eigin landi - athvarf í náttúrunni - virðast fyrir mörgum að engu orðin. Menn verða vonlausir og sitja uppi með lóðirnar, en hvað verður um þessi lönd? Verða þau í eigu bankanna? Vonandi varir þetta ástand stutt, en það er mikilvægt að fólk haldi í vonina. Gott land er verðmæti, og eins og sárlega hefur komið fram á síðustu mánuðum þá er það allt annað en að eiga verðbréf í banka. Margir landsmenn eiga sinn eigin sælureit - það eru forréttindi og afar sérstakt að eiga land eða lóð eins og við þekkjum hér á Íslandi.

NAUÐSYNLEGT AÐ BETUR SÉ STAÐIÐ AÐ BYGGINGAFRAMKVÆMDUM

Á síðustu árum skapaðist nokkurs konar gullgrafaraæði á byggingamarkaðnum, of mikill hraði byggingaraðila leiddi til þess að oft var erfitt að fylgjast með hvort byggingar og frágangur væri vandaður og gæðin fullnægjandi. Oft og tíðum var byggingarstjóri á vegum verktaka og honum sett vald sem hönnunarstjóra. Þannig sat sami aðili beggja vegna borðsins þar sem sparnaður í byggingunni á kostnað gæða jók hagnað verktakans. Eftirlit með byggingaraðila

hjá almenningi og húsbyggjendum heldur þurfa yfirvöld og byggingarnefndir um land allt að slaka á kröfunum um lengd byggingartíma húsa. Hin síðari ár hefur krafan um byggingartímann verið sú að framkvæmdaleyfi gildir í ár eftir samþykkt aðaluppdrátta. Breytt ástand gerir kröfu um svigrúm, þörf er á lengri tíma í framkvæmdir. Yfirvöld þurfa ekki lengur að vera á bremsunni heldur er nú nauðsynlegt að umhverfið og umgjörðin virki hvetjandi þannig að þeim einkaaðilum sem hug hafa á því að byggja á lóðum sínum sé gert hægara um vik. Það er komin upp sú staða að við verðum að hætta kapphlaupinu og fara að hugsa eins og foreldrar okkar sem byggðu sín hús í áföngum.

UNIT-HÚS EON ARKITEKTA

Eon arkitektar hafa hannað frístundahúsalínu sem í grunninn er hönnuð með það í huga að hægt sé að byggja í áföngum. Húsin eru hönnuð sem tvær til þrjár sjálfstæðar húseiningar sem eru tengdar með tengibyggingu með léttu yfirbragði. Hugsunin á bak við hönnunina er sú að hægt sé að byrja á fyrstu húseiningunni – nokkrum herbergjum, baðherbergi, inntökum og geymslu - þar sem eitt rýmið er nýtt sem stofa og eldhús. Fallegt lítið frístundahús sem hægt er að koma upp nokkuð fljótt og kostnaði haldið í lágmarki. Seinna er svo gert ráð fyrir að húsið geti stækkað. Í næstu húseiningu er gert ráð fyrir almennum rýmum, svo sem stofu, borðstofu og eldhúsi ásamt búri. Svefnherbergjaálman stækkar um áðurnefnt stofurými. Glerjuð millibygging, anddyri með aðgengi út á verönd tengir einingarnar og gerir húsið heildstætt. Þriðji áfangi getur verið gestahús, viðbótarherbergi og/eða önnur aðstaða, tengt eða aðskilið aðalhúsinu. Við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu verða húsbyggjendur að geta tekið sér tíma, áfangaskipt framkvæmdunum, byggt

Hin síðari ár hefur krafan um byggingartímann verið sú að framkvæmdaleyfi gildir í ár eftir samþykkt aðaluppdrátta. Breytt ástand gerir kröfu um svigrúm, þörf er á lengri tíma í framkvæmdir.

einingar sem geta staðið sér og verið heilsteyptar þrátt fyrir að fyrirhugað sé að byggja stærra hús. Þannig sparast vinna í seinni áföngum við rafmagn, lagnir og skólp því aðeins þarf að tengja inn á lagnirnar þegar kemur að því að stækka húsið.

HAGKVÆM BYGGING OG BREYTANLEG

Eon arkitektar þróuðu fyrst hugmynd sína um Unit-hús sem kreppuhugmyndir árið 2002, en þá var ekkert að gera í sumarhúsabransanum. Forsendan var hagkvæm hönnun að húsi sem væri breytilegt, áhugavert í hönnun og framkvæmdin skilaði lágmarksfjárhagslegri áhættu fyrir húsbyggjandann. Niðurstaðan varð bygging sem, eins og áður segir, byggðist í sjálfstæðum áföngum þar sem þó væri gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum í samræmi við endanlega heildarmynd. Verktaki á Vesturlandi byggði fyrstu húsin sem hönnuð voru með þessum hætti. Markmiðið var að einfalda ýmsa kostnaðarþætti byggingarinnar og rýnt var í efnisval út frá kostnaði. Valin var fúavarin fura eða lerki sem utanhússklæðning, sem er ódýr valkostur. Til að fá litbrigði í viðinn í klæðningunni var notað bæs sem blandað er út í glæra viðarvörn.

Hús byggð eftir „Unit-húsa", hönnun Eon arkitekta, hafa verið reist á nokkrum stöðum á landinu. Tvö þeirra falla vel að umhverfinu í Vaðnesi.

Lega hússins og snúningur álmanna mynda skjól.

var mjög oft ekki til staðar. Það eina sem stóðst var að viðskiptavinurinn var látinn borga á réttum degi.

Ef eitthvað gott á að koma út úr þessu ástandi er það að staðið verði öðruvísi að framkvæmdum en oft var gert í góðærinu, og að verkferlið verði endurskoðað. Ef svo á að vera er óhjákvæmilegt að arkitektar komi aftur inn í verkferlið og taki að sér eftirlitsstörf og gæðastjórnun eins og áður var - það er ekki hlutverk verktakans sem byggir húsið. Arkitektar hugsa til þess að byggingin standi í 100-200 ár, það gera hús Guðjóns Samúelssonar og annarra meistara sem byggðu margar af stórbyggingum Reykjavíkur um miðbik síðustu aldar.

Eftir efnahagsbreytingarnar sl. haust hefði eflaust verið góð lausn fyrir marga að geta flutt hálf- og nýbyggð húsin milli staða. Vísir að slíkri byggð voru vinnubúðirnar að Kárahnjúkum, hús sem voru flutt tilbúin á staðinn og þaðan að verki loknu. Eon arkitektar eru að vinna að hugmyndum sem taka „Unit-húsin" enn lengra inn í framtíðina. Er það í formi þróunarvinnu með hús sem eiga sér ekki hliðstæðu í íslensku þjóðfélagi og byggist á hugmyndafræði um „Mobile-hús". Fjallað verður áfram um þessa hugsun í næsta blaði.

Borð- og standviftur í úrvali!

Glóey
Ármúla 19
sími
568 1620
www.gloey.is

Þarftu að laga, þarftu að bæta?

Hjá okkur starfa rafvirkjar með þekkingu á þínum þörfum.

Raflagnir viðhald, breytingar, nýlagnir.
Loftnetsþjónusta, öryggiskerfi og stýringar.

Þjónustufulltrúar Vodafone og Digital ísland á Suðurlandi

Árvirkinn
RAFVERKTAKAR
SELFOSSI
Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Heilluð af landinu og nútímalegu húsinu

Texti: Auður I. Ottesen. Myndir: Páll Jökull Pétursson

Bústaður Völu Rósar Ingvarsdóttur og Guðlaugs Sigurðssonar er eitt af „Unit-húsunum" sem Eon arkitektar hafa hannað og Kjartan Ingi Kjartansson reisti í Vaðnesi 2006. Þau hjónin fylgdust með smíði þess og fluttu í það fyrir ári. Þau kunna afar vel við sig í því, enda fara þau í sveitina eins oft og hægt er og njóta náttúrufegurðarinnar í Grímsnesinu.

Er Vala Rós tók á móti blaðamanni Sumarhússins og garðsins var hún nýbúin að stinga niður græðlingum af trjám sem hún klippti úr eigin garði. Hún bauð okkur til stofu og sagði um leið og hún skenkti kaffi í bollana að hún nyti þess að fara með strákana sína, 11 og 15 ára, í bústaðinn. „Ég fer í allt annan gír í sveitinni, fer í þvældu og þvegnu stuttbuxurnar, hárið fer í tagl, vinnuvettlingar á hendurnar og svo dúllar maður sér og lætur sér líða vel meðan strákarnir leika sér í læknum eða bregða sér í golf," segir hún og bætir við að það sé aldrei vandamál að fá unglingana með. „Þeir spyrja mig er fer að líða að helgi hvort við ætlum ekki örugglega í Vaðnes um helgina. Strákarnir sækja mikið í ána, synda þar og veiða, en með fylgir veiðiréttur og aðgangur að Höskuldarlæk sem rennur um landið. Stutt er á golfvöllinn, strákarnir sækja þangað og sá yngri ræktar með mér kartöflur í litlum garði sem við höfum stungið upp. Dagarnir hér eru yndislegir og þegar maður er með svona gorma þá er alveg nóg að gera."

HEILLUÐUST AF LANDINU OG HÚSIÐ KOM SKEMMTILEGA Á ÓVART

Hjónin voru búin að vera lengi að leita sér að bústað víða á Suðurlandi og í Skorradal. Í lokin stóð valið á milli bústaðar í Skorradal eða á bökkum Sognsins, en þegar þau hikuðu vildi fasteignasalinn endilega sýna þeim lóð í átta húsa hverfi í Vaðnesi þar sem til stóð að byggja tvö eins hús frá Eon arkitektum á tveimur samliggjandi lóðum. „Við fórum að skoða lóðina í Vaðnesi og lögðumst þar í grasið. Okkur þótti landið svo

Vala Rós takmarkaði gardínur í bústaðnum vegna þess að þau vilja hafa sem mesta tengingu við fallega náttúruna, geta fylgst með breytingum á henni og fuglalífinu sem þeim finnst alveg yndislegt í Vaðnesi.

Gluggar sem ná upp að þaki gefa því léttleika.

„Ég fer í allt annan gír í sveitinni, fer í þvældu og þvegnu stuttbuxurnar, hárið fer í tagl, vinnuvettlingar á hendurnar og svo dúllar maður sér og lætur sér líða vel meðan strákarnir leika sér í læknum eða bregða sér í golf,"

yndislegt að við slógum til, enda hefur komið á daginn að það er rosalega gott að vera hérna. Húsið sem stóð þá til að byggja hér frá Eon arkitektum var okkur að skapi," segir Vala Rós og bætir við að þótt húsið hefði verið öðruvísi þá hefði það ekki skipt öllu máli því þau voru svo heilluð af staðnum.

Húsið er nýtískulegt, gluggarnir stórir og hátt til lofts. „Húsið okkar er í nútímalegri útfærslu sem auðvelt er að gera notalega. Mér líkar vel að húsið er tvískipt, strákarnir geta verið í ró og næði í svefnálmunni þótt við séum með gesti sem við spjöllum við fram á nótt. Þeir geta svo farið fram í stofu og eldhús á morgnana án þess vekja þá sem vilja sofa. Húsið er allt á einni hæð sem mér finnst mikill kostur." Húsið kostaði 27,9 milljónir með öllu, utan ísskáps og þvottavélar. Hjónin fylgdust með byggingu þess og komu að vali gólfefnis og innréttinga. „Arkitektarnir höfðu mælt með hlynparketi á veggina, en við ákváðum að splæsa meira í eldhústækin á kostnað eldhúsinnréttingarinnar og völdum líka ódýrara parket á veggina. Við fórum Ikea-leiðina í innréttingunni og keyptum birki í stað hlynsins, en þar var töluverður verðmunur. Kringum arininn áttu að vera stórgerðari leirsteinflísar sem voru ekki til þegar til kom og völdum við því fíngerðari flísar til þess að hægja ekki á framkvæmdunum," segir Vala Rós sem er afar sátt við útkomuna og hversu húsið er bjart og nýtur sín vel í umhverfinu.

Elmar Ingi, sem er 11 ára, hefur mikið fyrir stafni í sveitinni. Hann syndir í Höskuldarlæk og veiðir þar á flugur sem hann hefur hnýtt sjálfur. Flugurnar geymir hann í veiðihattinum sem hann ber hér á höfði.

Viður á valda veggi gera herbergin hlýleg og tengja innirýmið náttúrunni, án þess þó að verða yfirþyrmandi.

Húseiningarnar tengjast með léttri glerbyggingu.